

**Nr. 168 / 13 Hákon EA 148*****Skipverji slasast á höfði***

Skipaskr.nr. 2407 IMO nr. 9212357  
Smíðaður: Stál, Talacahuano Chile, 2001  
Stærð: 1553,6 brl. 3003 bt.  
Mesta lengd: 76,2 m Skráð lengd: 65,95 m  
Breidd: 14,4 m Dýpt: 9,6 m  
Vél: MaK, 5400 kW, 2001  
Fjöldi skipverja: 24



Hákon©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 4. desember 2013 var Hákon EA 148 að síldveiðum með nót á Suðvesturmiðum. Veður: N 5 m/sek.

Verið var að kasta nótinni skammt austan Elliðaeyjar þegar fremri snurpuvírinn fór undir sæti fremri fiskidælnnar. Einn skipverja stökk til og ætlaði að koma vírnum undan dælnni en þá strekkti í vírinn svo hann losnaði undan sætinu og slóst í andlit skipverjans. Við höggið kastaðist skip hann aftur fyrir sig og skall með hnakkann niður á þilfarið. Hann missti meðvitund um stund og hlaut opið sár við hægra auga.

Siglt var með slasaða til Vestmannaeyja þar sem honum var komið á sjúkrahús.

***Við rannsókn kom fram:***

- að vírinn vildi fara undir sæti dælnnar en það hafði ekki komið að sök þar sem vírinn kom ávallt undan sætinu þegar hann strekktist;
- að slasaði sagðist venjulega hafa verið við stjórn spilanna í köstun en ekki í þetta skipti. Hann sagði að þegar vírinn færi undir sætið hafi hann stuggað honum undan í byrjun köstunar á meðan vírinn var slakur en í þetta skipti var hann strekktur og sargaði upp í dælusætið;
- að aftari snurpuvírinn er látinn renna af tromlunni frá kúplaðri frá spili og rennslinu stjórnað með bremsu. Fremri snurpuvírinn er grennri og slakað út af tromlunni með spilinu. Eftir að helmingi nótarinnar hefur verið kastað eða þegar um hálfhring er náð er farið að hífa hann inn;

- að sögn skipstjóra hefur alltaf verið lagt blátt bann við að skipverjar komi nálægt veiðarfærunum á meðan köstun stendur yfir;
- að sögn slasaða er venjulega ekki sláttur sem heitið getur á fremri vírnum á meðan á útslökun stendur. En þegar hann small undan sæti dælnnar kastaðist vírinn upp um metra að mati slasaða;
- að vírinn lenti hægra megin í andliti slasaða frá enni og gagnauga niður á kjálka og við það brotnaði kinnbein;
- að slasaði var með hjálm sem brotnaði við höggið;
- að eftir slysið var rafsoðin grind undir sæti dælnnar til að koma í veg fyrir að vírinn gæti farið undir sætið og festist þar í köstun.

### *Nefndarálit:*

Orsök slyssins var gáleysi slasaða að ætla að taka á strekktum vírnum.

Nefndin bendir á að með áhættumati um borð hefði þessi ágalli átt að koma fram og ætla mætti að koma hefði mátt í veg fyrir slysið.